

Fundur haldinn í fræðslunefnd Blönduóbæjar mánudaginn 30. maí 2011 kl. 17:00 að Hnjúkabyggð 33 á Blönduósi.

Dagskrá:

1. Skólaárið 2011 – 2012
2. Starfsmannamál, kennslufyrirkomulag og fleira.
3. Önnur mál.

Formaður bauð fundarmenn velkomna. Mæting skv. undirskriftum.

Afgreiðslur.

1. Skólaárið 2011-2012

Formaður gaf skólastjóra orðið. Þórhalla dreifði og fór yfir gögn varðandi nemendafjölda, deildir og kennslumagn veturinn 2011-2012. Kennslumagn lækkar um 18 kennslustundir milli skólaára, fer í 370 úr 388. Þessi fækkun mun ekki koma niður á gæðum skólastarfsins. Annað fyrirkomulag skólastarfsins verður óbreytt.

2. Starfsmannamál, kennslufyrirkomulag og fleira.

Ingunn Ásgeirsdóttir hefur sagt upp störfum frá og með næstu mánaðarmótum. Auglýsa þarf eftir kennara í fulla stöðu. Sigríður Bjarney Aadnegard, aðstoðarskólastjóri, hefur óskað eftir ársleyfi frá Blönduskóla. Skólastjóri mælir með að beiðnin verði samþykkt. Fræðslunefnd samþykkir það fyrir sitt leyti. Skólastjóri óskar eftir að honum verði falið að gera tillögu að afleysingu fyrir Sigríði Bjarneyju aðstoðarskólastjóra. Fræðslunefnd samþykkir það fyrir sitt leyti.

3. Önnur mál

- a) Þar sem samningur um skólamáltíðir fyrir Blönduskóla er að renna sitt skeið á enda leggur fræðslunefnd til að skipaður verði starfshópur skólastjóra, fulltrúa foreldra og fulltrúa fræðslunefndar til að skoða hvaða kostir eru í stöðunni. Hugmynd kom fram um að skoðaður yrði rekstur á sameiginlegu mötuneyti Blönduskóla og Barnabæjar.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundargerð upplesin og samþykkt og fundi slitið kl. 18:45.

Auðunn Sigurðsson (sign.)

Þórdís Hjálmarsdóttir (sign.)

Hilmar Þór Hilmarsson (sign.)

Eva Hrund Pétursdóttir (sign.)

Árný Þóra Árnadóttir (sign.)

Ingunn Ásgeirsdóttir, fulltrúi foreldrafélags Blönduskóla (sign.)

Þórhalla Guðbjartsdóttir, skólastjóri Blönduskóla (sign.)

Lilja Jóhanna Árnadóttir, fulltrúi starfsmanna Blönduskóla (sign.)